



Starfsáætlun 2020 – 2021



Kristín Laufey Guðjónsdóttir leikskólastjóri
Edda Guðrún Valdimarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	4
Um leikskólann	4
Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými	4
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	5
Heimsmarkmið	6
Lýðræði og jafnrétti.....	6
Námskrá – stefna - uppeldislegar áherslur	7
Leikskólastarfið- aðalnámskrá leikskóla- námssvið leikskóla	9
Læsi og samskipti	9
Heilbrigði og vellíðan	9
Sjálfbærni og vísindi.....	10
Sköpun og menning	10
Dagskipulag.....	11
Menningarviðburðir	12
Lækur	14
Foreldrasamstarf.....	16
Stefna og áherslur	16
Foreldraráð.....	16
Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna	17
Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi	17
Foreldrafélag.....	17
Starfsmenn.....	18
Starfsmannastefna.....	18
Áherslur í samstarfi	18
Samsetning starfsmannahópsins	19
Samstarf við grunnskóla.....	19
Samstarf við aðra.....	19
Mat og matsaðferðir	19
Börn	19

Sérkennsla.....	20
Starfsfólk	21
Forráðamenn	21
Öryggismál	22
Öryggisnefnd.....	22
Áfallaráð.....	22
Umbótaáætlun næsta skólaárs	23
Lokaorð	32
Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Lækjar 2020-2021	34

Inngangur

Sjálfræði, umhyggja og virðing eru einkunnarorð leikskólans. Með þessi orð að leiðarljósi leggjum við áherslu á að hvetja og styðja börn í leik og starfi. Í Læk er lagt upp með lýðræðislega nálgun og þannig komið á mótis við þarfir hvers einstaklings.

Tilgangur starfsáætlunar er að taka saman í riti þá þætti sem snúa að starfsemi leikskólans. Þá er tekið fyrir hvað var gert á síðasta leikskólaári og hvað stendur til að gera á því næsta. Áætlunin veitir innsýn í skipulagt starf fyrir starfsfólk, foreldra og rekstraraðila. Í áætluninni er hægt að sjá hvaða leiðir við veljum til að byggja upp gott leikskólaumhverfi

Um leikskólann

Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Lækur varð til við sameiningu Smárahvamms og Kjarrsins í ágúst 2011. Smárahvammur tók formlega til starfa 11. maí 1994 og Kjarið, sem var einka- og þjónusturekið frá opnun, í maí 2001. Til aðgreiningar, í daglegu tali, kallast byggingarnar Litli og Stóri Lækur. Leikskólinn hefur afnot af Lækjavelli, fyrrum gæsluvelli, sem nýtist sem útiskóli.

Lækur er sex deilda, í Stóra Læk, Dalsmára 25, eru fjórir árgangar leikskólans sem skiptast niður á 4 deildir. Deildirnar eru Álfhóll, Víghóll, Þinghóll og Hvammkot. Á Álfhól eru börn fædd 2015 og 2016. Á Víghól eru börn fædd 2016 og 2017. Á Þinghól og Hvammkoti eru börn fædd 2017 og 2018. Í Litla Læk, Dalsmára 21, eru tveir yngstu árgangarnir á tveimur rúmgóðum deildum, Laufi og Lyngi. Þær eru aldursblandaðar með börnum fædd 2018 og 2019.



Lækjavöllur, fyrrum gæsluvöllur, er nýttur af Stóra Læk fyrir útikennslu og hefur hver deild húsnæðið til umráða einu sinni í viku. Í júní er Lækjavöllur nýttur fyrir elstu börn leikskólans fram að sumarlokun. Í Læk eru rými fyrir 129 börn en í ár er búið að úthluta plássum fyrir 106 börn. 25 börn eru á Álfhól, 21 barn á Víghól, 16 börn á Þinghól og 14 börn á Hvammkoti. Í sumar opnuðum við Hvammkot eftir að deildin hefur verið lokuð í 2 ár. Afsláttur á fjölda rýma var veittur tímabundinn þar sem við erum að fjölga börnum að nýju. Í Litla Læk eru 15 börn á Laufinu og 15 börn á Lynginu. Eftir áramót verður fleiri plássum úthlutað. Þá bætast við 6 börn í hvort hús.

Húsnæði Stóra-Lækjar er 610 m² að flatarmáli og lóðin er 3.540 m². Heildarrými pr. barn er 6,6 m² og lóðarými 38 m².

Húsnæði Litla-Lækjar er 359,7 m² að flatarmáli og lóðin 1.775 m². Heildarrými pr. barn er 10 m² og lóðarými 49 m².

Skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu. Umhverfið er skipulagt þannig að það mæti mismunandi þörfum barna og sé hvetjandi til fjölbreytilegra sjálfsprottinna leikja. Í gegnum leik ávinnur barnið sér víðtæka þekkingu. Í Litla Læk er húsnæðinu skipt á milli deildanna en þær samnýta Kjarrið, Móa og Listaskála. Húsnæði Stóra Lækjar er opið og skipt upp í leiksvæði. Skotmói er hreyfisvæði leikskólans og nýta deildirnar það til skiptis einu sinni í viku. Háholt er nýtt til hlutverkaleikja þar sem börnin hafa tækifæri á að spegla sig í raunveruleikanum, þar eru einnig holukubbar sem hægt er að nýta í hlutverkaleik. Lágholt er svæði fyrir listsköpun með ólíkan efnivið. Mýri er svæði með einingakubbum þar sem áhersla er lögð á stærðfræði. Hver heimastofa býður upp á ákveðin viðfangsefni þannig að val barnanna um leikefni er fjölbreytt. Lögð er áhersla á að börnin gangi frá að leik loknum.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Í maí 2018 samþykkti Kópavogsbær að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og komast þannig í alþjóðlegan hóp barnvænna samfélaga. Barnasáttmálann má líta á sem reglubók, þar sem fram kemur hvernig fullorðið fólk á að hugsa um börn svo að þeim líði vel. Reglurnar í Barnasáttmálanum eru kallaðar mannréttindi. Mannréttindi segja til um það sem allir eiga að lágmarki að hafa og njóta í sínu lífi. Í Aðalnámskrá segir að starfshættir leikskóla eigi að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildum og arfleið íslenskrar menningar. Þannig verður að gæta þess að börn þjálfast í samskiptum sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti.



Heimsmarkmið



Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun er hafin í Kópavogsbæ og hófst innleiðing þeirra haustið 2019. Kópavogur varð þannig fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til þess að innleiða Heimsmarkmiðin með formlegum hætti. Heimsmarkmiðin voru samþykkt 25. september 2015 af þjóðarleiðtogum heims. Aðildaríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að innleiða þau og eiga þau að verða leiðarljós til að gera heiminn okkar að betri heimi ekki seinna en árið 2030. Lagt er upp með að börn, forráðamenn og starfsfólk leggi sig fram við að gera það sem þeir geta til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum.

Lýðræði og jafnrétti

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar. Í daglegu starfi leikskóla er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að fá barnið til að hafa áhrif á starfið og að það finni, að á það sé hlustað. Barnið læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlist samkennd. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðalyndis, víðsýni og jafnréttis.

- Efniviður er eins aðgengilegur börnum og mögulegt er í handhægum og merktum kössum eða körfum.
- Börnin taka þátt í daglegum störfum eins og kostur er, til dæmis skammta sér sjálf mat og taka þátt í matarflæði.
- Börnin geta valið hvaða lög eru sungin, hvað er lesið og fleira.
- Lögð er áhersla á að börnin læri að leysa ágreining og gildi góðra samskipta.
- Ýtt er undir að börnin séu virkir þátttakendur í skólastarfinu.
- Börnin meta starfið reglulega.
- Skapa foreldrum og starfsfólki tækifæri til að tjá sig um skólastarfið.

Námskrá – stefna - uppeldislegar áherslur

Námskrá leikskólans mótast af þeim áherslum sem lagðar eru í Aðalnámskrá leikskóla og námskrá leikskóla Kópavogs. Námskrá Lækjar tekur mið af áhuga barna og sjónarmiðum og er unnin í samvinnu leikskólakennara, annars starfsfólks, barna og foreldra. Með þátttöku og samræðum þessara aðila höfum við mótað helstu áherslur og viðmið í starfi leikskólans. Skólanámskráin er því eins konar sáttmáli um hvaða leiðir við ætlum að fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku innan leikskólans.



Lækur vinnur í anda hugsmíðahyggju sem sækir kenningar frá Dewey, Piaget og Vygotsky. Áherslur stefnunnar eru:

- Námsumhverfi sem stuðlar að virkri uppbyggingu þekkingar hjá hverju barni.
- Námsumhverfið er auðugt, námshvetjandi og opið og sem líkast raunverulegu umhverfi.
- Námið er skipulagt þannig að gert sé ráð fyrir virkri þátttöku barnsins í uppbyggingu þekkingar.
- Tekið er tillit til þekkingar og reynslu barnsins og hún nýtt til að bæta við þekkingu með því sem það sér og túlkar.
- Verkefni sem unnin eru í leikskólanum eru í samhengi og samræmi við raunveruleg verkefni sem unnin eru utan veggja leikskólans.
- Kennarar hjálpa börnum að vera meðvituð um nám sitt og hafa þannig stjórn á því.



Lækur notar kennsluhætti sem kallast einstaklingsmiðað nám og sækja kenningar til Howard Gardner, Dewey, Montessori og Piaget. Hugtakið vísar til skipulags skólastarf sem tekur mið af námslegum þörfum hvers einstaklings fremur en hópa. Barnið og foreldrar þess hafa áhrif bæði á inntak og námsaðferðir. Barnið vinnur sjálfstætt og í samvinnu við aðra. Kennarar og börn bera sameiginlega ábyrgð á náminu. Dæmi um vinnu eru

námssvæði, lausnaleitanám t.d. barnaþing, rannsóknarhópar, valverkefni og ferilmöppur. Annað nátengt hugtakinu um einstaklingsmiðað nám er skóli án aðgreiningar sem líka tengist grunnildum okkar um jafnrétti og jafnan rétt til þátttöku. Skóli án aðgreiningar kom í kjölfar yfirlýsinga Barnasáttmálans þar sem kveðið er á um að aðildarríki viðurkenni rétt barns til menntunar og að öll börn njóti sömu tækifæra. Þannig er Lækur leikskóli sem án aðgreiningar nýtir sér einstaklingsmiðað nám til að ná sínum markmiðum

Aðlögun og flutningur á milli deilda

Ný börn koma inn á deildir leikskólans eftir aldri og þegar pláss losna. Aðlögun er aðallega á sumrin og hefst hjá okkur þegar börn flytjast af yngri deildum yfir á eldri deildir þegar elsti árgangur leikskólans fer í útiskóla í byrjun júní. Aðlögunarferlið tekur 4-5 daga og eru foreldrar virkir þátttakendur í skólastarfinu á meðan á aðlögun stendur. Starfsmenn sjá um aðlögun á milli deilda og eru foreldrar upplýstir um flutninginn tímanlega.



Útskrift

Börn sem hætta í Læk fá sérstaka kveðjustund. Þegar barn hættir í Stóra Læk fer kveðjustundin fram á samsöng föstudeginum áður en barnið hættir. Barnið fær kveðjuskjal afhent ásamt því að barnið velur óskalag. Flaggað er í matsalnum með íslenska fánanum. Börn sem hætta í Litla Læk eru kvödd á svipaðan hátt. Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri hringir bjöllu og afhendir barninu kveðjuskjal. Barnið velur síðan óskalag.

Elstu börn leikskólans eru öll kvödd í einu eftir leikskóladag í lok maí. Foreldrum barnanna er boðið í kveðjuathöfnina. Deildarstjórar afhenda hverju barni kveðjuskjal og þau fá rós frá foreldrafélagi leikskólans. Börnin flytja söngatriði fyrir gesti sína. Að lokum gæða allir sér á veitingum sem foreldrar koma með á sameiginlegt hlaðborð.



Elstu börn leikskólans fara í útskriftarferð til Viðeyjar í lok maí. Þar fara þau í göngu, leika frjálst og safna fjársjóði úr fjörunni. Áhersla er lögð á að njóta frelsis í falletgri náttúru með tilheyrandi dýralífi. Þetta er dagsferð með ævintýrlegum blæ.

Leikskólafélagið- aðalnámskrá leikskóla- námssvið leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011) eru sex grunnþættir menntunar leiðarljósið í námskrárgerð leikskóla. **Grunnþættirnar eru:** læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun.

Námssvið leikskólans eru fjögur og eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi. Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dýra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssviðin byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum.

Námssviðin eru: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn þurfa að kynnast tungumálinu og möguleikum þess sem og öðlast skilning á að ritað mál hafi merkingu.

- Styrkja sjálfsmynd og efla félagsfærni.
- Unnið er með samskipti í öllu skólafarfi.
- Ritmál er sýnilegt.
- Samverustundir daglega.
- Málörvunarverkefni eru fyrir alla aldurshópa.
- Lesið er fyrir börnin að minnsta kosti einu sinni á dag.



Heilbrigði og vellíðan

Börnin læra að tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt matarræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin.

- Áhersla á hollt og næringarríkt fæði.
- Útivera að minnsta kosti einu sinni á dag.



- Farnar eru vettvangsferðir eins oft og hægt er.
- Skapa umhverfi sem hvetur til hreyfingar.
- Áhersla á góðar hreinlætisvenjur.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti af sjálfbærni. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.



- Skapa tækifæri og hvatningu til sjálfshjálpar.
- Auka vitund um umhverfismennt og endurvinnslu.
- Flokka og nýta verðlausan efnivið.
- Hugsa vel um leikskólann úti og inni.
- Frágangur og snyrtimennska er í fyrirrúmi.
- Skapa tækifæri til að kynnst fjölbreyttri náttúru og dýralífi.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.



- Syngja og lesa á hverjum degi.
- Nota þulur, vísur og frásagnir í starfinu með börnunum.
- Nýta þau hljóðfæri sem eru til staðar.
- Nota fjölbreyttan efnivið í myndsköpun.
- Viðhalda íslenskri menningu með fjölbreyttum hætti.

Dagskipulag

Dagskipulag í Litla Læk

kl. 07:30–08:00	Leikskólinn, deildirnar sameinaðar á Lynginu
kl. 08:00–08:15	Laufið opnar, leikur – á heimastofum
kl. 08:15–08:45	Morgunmatur og ávextir
kl. 08:45–10:30	Leikur – úti og inni. Hópastarf
kl. 10:30–10:50	Bleiuskipti/wc og undirbúningur fyrir hádegi
kl. 10:45–11:00	Samverustund
kl. 11:00–11:30	Hádegisverður
kl. 11:30–13:30	Hvöld
kl. 13:30–14:10	Leikur inni, á svæðum og heimastofu
kl. 14:10–14:30	Síðdegishressing
kl. 14:30–14:45	Samverustund (börnunum er skipt í hópa)
kl. 14:30–15:00	Bleiuskipti/wc
kl. 14:45–16:00	Leikur úti og inni
kl. 16:00–16:30	Leikur á Laufinu, deildirnar sameinast, lokun

Dagskipulag í Stóra Læk

kl. 07:30–08:00	Leikskólinn opnar, tekið á móti börnum á Þinghól
kl. 08:00	Deildir opna, frjáls leikur á heimastofum
kl. 08:15–08:45	Morgunmatur í matsal/flæðandi
kl. 08:30–09:30	Frjáls leikur á heimastofum og svæðum
kl. 09:15–09:30	Ávaxtastund/samverustund
kl. 09:30–11:00	Leikur – úti og inni, á svæðum og heimastofum
kl. 11:00–12:30	Samvera
kl. 11:30–12:30	Matarflæði/rólegur leikur á heimastofu
kl. 12:30–12:50	Lestrarstund/hvöld
kl. 12:50–14:20	Leikur – úti og inni, á svæðum og heimastofu/flæði
kl. 14:30–15:15	Síðdegishressing
kl. 14:30–16:00	Frjáls leikur á heimastofum og svæðum
kl. 16:00–16:15	Leikur á heimastofum
kl. 16:15–16:30	Deildir sameinast á Álfhól

Dagskipulag á Hvammkoti og Þinghól (það sem er frábrugðið eldri deildum)

kl. 11:00-11:30	Matartími
kl.11:30-13:00	Hvöld
kl. 14.00-14:30	Síðdegishressing

Menningarviðburðir

Leikskóli á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi samfélagsins okkar skipa veglegan sess. Við sækjum í menningarviðburði, ferðir og sýningar sem boðið er upp á hverju sinni. Fastar hefðir í Læk og hátíðir skapa menningu okkar í Læk. Í Læk erum við með ákveðna litadaga sem sjá má á leikskóladagatalinu okkar. Þá daga eru börn og kennarar hvattir til að vera með eða í einhverju í tilheyrandi lit.



Á föstudögum er flæði í báðum húsum og þá fá börnin tækifæri til að fara á milli deilda og svæða. Tilgangur með flæði er að efla sjálfræði, frumkvæði, samvinnu og félagsfærni. Í flæði ráða börnin hvaða viðfangsefni þau velja og með hverjum þau nota þau. Þau ráða einnig hversu lengi þau staldra við og hversu djúpt þau sökkva sér í leik. Þá ná börnin að kynnst starfsmönnum annarra deilda og starfsemi þeirra.

Þegar barn í Læk á afmæli býr það til afmæliskórónu. Sungið er fyrir afmælisbörn inni á deildum. Kerti með rafhlöðu er sett á borð afmælisbarnsins í matartíma og barnið fær sérstakan afmælisdisk. Fána leikskólans er flaggað úti með aðstoð afmælisbarnsins. Spjald með ljósmynd og nafni barnsins er hengt á töflu fyrir framan deildir. Í Læk eru súlur inn í miðrymum þar sem afmælisbörnin setja íslenska fána í þar til gerða standa.

Samsöngur er á hverjum föstudegi kl. 9.15 bæði í Litla og Stóra Læk. Í Stóra Læk skiptast deildirnar á að stjórna samsöngnum ásamt því að Patricia heldur utan um samsönginn þar sem hún spilar á píanó. Á samsöng er einnig sungið fyrir afmælisbörn vikunnar „Afmæli þú átt í dag“.

Börn í elsta árgangi leikskólans kveðja deildir sínar á útskriftarhátíð leikskólans í lok maí og fara á vit nýrra ævintýra í útiskóla. Hópurinn hefur þá aðsetur á Lækjavelli þar sem fram fer skipulagt útinám með styttri og lengri vettvangsferðum.

Viðburðir í Læk

- 16. október: Bleikur dagur
- 30. október: Náttfata- og bangsadagur
- 8. nóvember: Baráttudagur gegn einelti
- 16. nóvember: Dagur íslenskrar tungu
- 20. nóvember: Dagur mannréttinda barna
- 4. desember: Rauður dagur
- 9. desember: Kirkjuferð og aðventukaffi í leikskólanum
- 16. desember: Jólaball
- 6. janúar: Vasaljósadagur
- 8. janúar: Hvítur dagur
- 22. janúar: Herrakaffi í tilefni bóndadags og þorrablót
- 5. febrúar: Dagur stærðfræðinnar og fjólublár dagur
- 6. febrúar: Dagur leikskólans
- 19. febrúar: Dömkaffi í tilefni konudags
- 5. mars: Grænn dagur
- 19. mars: Pylsudagurinn mikli
- 21. mars: Alþjóðlegur dagur Downs
- 2. apríl: Alþjóðlegur dagur einhverfu, blár dagur og dagur barnabókarinnar
- 9. apríl: Rugldagur
- 7. maí: Appelsínugulur dagur
- 11. maí: Afmæli leikskólans
- 19. maí: Útskriftarferð elstu barna í Viðey
- 26. maí: Útskrift elstu barna
- 31. maí: Hefst útiskóli elstu barna
- 2. – 5. júní: Umferðarvika
- 9. júní: Íþróttahátíð



Lækur

Á heimasíðu leikskólans laekur.kopavogur.is má finna upplýsingar um starf hans, fréttir, viðburði og annað sem tilheyrir starfinu. Vala er samskiptaforrit fyrir forráðamenn og starfsfólk. Helstu áherslur í Læk og einkunnarorð leikskólans eru **sjálfræði, umhyggja og virðing**.

Sjálfræði

Í Læk leggjum við áherslu á að efla sjálfræði sem felur í sér réttindi, ábyrgð og skyldur hvers og eins. Að vinna í anda sjálfræðis þýðir að börnin fá mörg tækifæri til að taka ákvarðanir og bera ábyrgð, þau læra að skynja styrk sinn og ábyrgð í samræmi við þroska. Þegar börn fá að hafa áhrif á leikskólastarfið og eigin leik eykst áhugi og virkni þeirra sem hefur jákvæð áhrif á árangur í námi. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eftt og styrkt en þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Börnin læra undirstöðuatriði samskipta og þroska þannig félagsfærni sína og sjálfsmýnd. Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.



Umhyggja

Í leikskólastarfi eru það hugtökin uppeldi, umönnun og menntun sem mynda eina heild. Börnum er sýnd virðing og umhyggja og þau fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólkið myndi góð og nán tengsl við börnin. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Starfshættir leikskólans stuðla að því að börn læri að bera umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.

Virðing

Leikskólinn leggur áherslu á virðingu. Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra og hlusta á þau. Starfsfólkið leitast við að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barnanna. Lagt er upp með að vera góðar fyrirmyndir í hvívetna og þar nýtur hver einstaklingur virðingar. Okkar starfsemi er byggð á virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum. Starfshættir leikskólans stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu.

Námsefnið sem við notum til að efla þessa þætti eru: Blær, Barnasáttmálinn, Heimsmarkmiðin, söngur og leikur. Einnig nýtum við samverustundir með börnunum þar sem þau fá tækifæri að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.



Í Læk er unnið með alla þætti málsins; orðaforða, hljóðkerfisvitund, máltjáningu, hlustun, stafapekkingu og þannig byggð upp færni barna til að skilja og nota tungumálið. Sérstök áhersla er lögð á námsefnið Lubbi finnur málbein og er unnið með Lubba á öllum deildum. Lögð er áhersla á að gera starfið með Lubba sýnilegra þá bæði fyrir börnin og foreldra þá m.a. með því að hengja upp máhljóð sem verið er að vinna með og senda tölvupósta og virkja þannig foreldra inn í hljóðainnlögnina. Allar deildir eiga sinn Lubba hund ásamt því að á öllum deildum hanga uppi plaköt með bókstöfum og hljóðum þeirra. Hljóðasmiðjur eru einnig nýttar í hljóðainnlögn.

Lækur er Vináttuleikskóli, en það eru þeir skólar kallaðir sem vinna með *Blæ vináttuverkefni* í samvinnu við Barnaheill. Öll börnin í Læk taka þátt í verkefninu. Á deildum eru gagnatöskur, með myndaspjöldum, sögum, nuddheftum og tónlist ásamt stórum Blæ bangsa. Einnig notum við bók með verkefnum fyrir útikennslu. Hvert barn á sinn litla Blæ. Unnið er með fjögur grunngildi yfir árið, þar sem eitt grunngildi er tekið fyrir í þrjú mánuði í senn. Grunngildin sem tengjast verkefninu eru **Umhyggja** sem unnið er með í upphafi skólaársins; september, október og nóvember. **Umburðarlyndi** í desember, janúar og febrúar. **Virðing** í mars, apríl og maí og **Hugrekki** í júní, júlí og ágúst.



Markmið verkefnisins er:

- Að móta jákvæðan skólabrag og viðhalda honum.
- Að samfélag barnanna einkennist af gagnkvæmu umburðarlyndi og virðingu.
- Að þróa getu barna til þess að sýna hverju öðru umhyggju og að styðja félag sína og verja.
- Að efni og þau gildi sem verkefnið byggir á séu eðlilegur hluti af daglegu lífi og skólastarfi.
- Að koma í veg fyrir einelti í leikskólum og grunnskólum, með því að starf skólanna, áætlanir og viðhorf tryggi börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast.
- Að þróa nýjar aðferðir og verkfæri til forvarna fyrir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla.
- Að stuðla að rannsóknum á einelti.

Könnunarleikur í Litla Læk



Könnunarleikur er ákveðin aðferð við leik sem byggist á rannsóknarpörf barna. Undirstaða rannsókna þeirra er fyrst og fremst þeirra eigin forvitni og skynjun, en umhverfið er líka skipulagt á tiltekinn hátt. Þannig styður það við og ýtir undir könnunarþörf barnanna. Börn nota flest skynfæri sín í könnunarleik, þau skoða, snerta, hlusta og sleikja.



Þau velta fyrir sér jafnvægi, rými og afstöðu svo eitthvað sé nefnt. Í könnunarleik er nýttur ýmiskonar skapandi endurnýtanlegur efniviður s.s. rör, hólkar, keðjur af ýmsum lengdum og grófleika, krukkulok, niðursuðudósir, steinar, skeljar og ýmislegt fleira sem vekur áhuga barna. Sem stendur er könnunarleikurinn nýttur í starfi með yngstu börnunum í Litla Læk.



Í Læk flokkum við allt sorp sem til fellur í leikskólanum. Við flokkum pappír, plast og almennt sorp inn á deildum en því til viðbótar flokkum við matarafganga, málm, gler og áldósir. Allt leikefni og öðrum búnaði sem á að farga er komið í Sorpu.

Foreldrasamstarf

Stefna og áherslur

Lögð er áhersla á dagleg samskipti og miðlun upplýsinga til foreldra um starfið í Læk. Mikilvægt er að foreldrar miðli upplýsingum um hagi og líðan barnanna heima við til kennara. Foreldrar fá upplýsingar um leikskólastarfið í samtölum við kennara, á foreldrafundum, á upplýsingatöflum, með tölvupósti, Völu og á heimasíðu leikskólans.

Lagt er upp með að deildastjórar sendi vikulega póst um leikskólastarfið.

Leikskólastjóri sendir reglulega pósta vegna sameiginlegra viðburða og fréttu sem allir foreldrar þurfa að fá vitneskju um.

Lögð er áhersla á að í samskiptum milli leikskóla og foreldra skapist sá trúnaður að foreldrar eigi auðvelt með að koma viðeigandi upplýsingum á framfæri og upplifi að hlustað sé á þá.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Verkefni foreldraráðs eru:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um starfsáætlun, skólanámskrá, þróunarverkefni og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir forráðamenn.
- Að gefa umsagnir um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna

Á haustin er haldinn aðalfundur foreldrafélagsins ásamt því að starf leikskólans er kynnt.

Mikilvægt er að foreldrar séu vel upplýstir um starf leikskólans og vinnu barna sinna. Kynningarfundur nýrra barna er haldinn áður en aðlögun hefst. Þeir forráðamenn sem ekki geta nýtt sér fundinn koma í viðtal til leikskólastjóra.

Foreldraviðtöl eru tekin að hausti í október/nóvember og/eða í febrúar/mars. Deildarstjórar sjá um að boða viðtölin. Foreldrum er frjálst að óska eftir viðtali utan þessa tímaramma.

Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi

Áhersla er lögð á að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann en sérstakir dagar eru þó tileinkaðir þessari samveru. Þá er foreldrum boðið til samverustundar í Digraneskirkju og að kirkjuferð lokinni er aðventukaffi í leikskólanum. Dömu- og herrakaffi er í kringum Þorra og Góu. Í febrúar er dagur leikskólans og þá er foreldrum boðið að kynna sér starf leikskólans og taka þátt í því. Haldið er upp á afmæli leikskólans í maí með tilheyrandi veislu og sýningum. Útskriftarhátíð elstu barnanna er í lok maí og þá er foreldrum boðið að taka þátt.

Foreldrafélag

Í Læk er starfandi foreldrafélag sem heitir Grágæs og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Stjórnin fundar nokkrum sinnum yfir árið.

Markmið foreldrafélagsins er:

- Að efla samvinnu forráðamanna og starfsfólks.
- Að tryggja hagsmuni barna.
- Að taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum.

Stjórn félagsins er skipuð foreldrum og einum fulltrúa starfsmanna. Hægt er að lesa sér til um lög og starfsreglur félagsins á heimasíðu leikskólans. Foreldrar greiða valfrjálst í foreldrafélagið 3500 kr á önn. Tekjur félagsins fara í uppákomur eða annað sem tengist börnunum í leikskólanum.

Að hausti er haldinn sameiginlegur fundur leikskólans og foreldrafélagsins Grágæsar. Á fundinum er farið yfir helstu þætti starfsins ásamt því að kosið er í stjórn foreldrafélagsins og ársreikningur félagsins lagður fram. Skóladagatal leikskólans er kynnt og deildarstjórar eru með kynningu á starfi sínu.

Starfsmenn

Starfsmannastefna

Góð samvinna, gagnkvæm virðing og heiðarleiki í samskiptum eru undirstaða fyrir vellíðan í starfi og hefur áhrif á starfsárangur. Góður starfsandi eykur vellíðan allra, bæði starfsmanna og barna og eru allir sameiginlega ábyrgir fyrir góðum starfsanda í leikskólanum. Starfsgleði og virðing er mikilvægur þáttur og grundvöllur þess að ná árangri í starfi. Virðing og viðurkenning fyrir öðrum eru lykilhugtök í starfsmannastefnu skólans.

Leiðarljós starfsmanna í Læk

Til að auka vinnugleði

- *Virðing:* Umburðarlyndi gagnvart hvert öðru og tíma hvers annars.
- *Hrós:* Gefum okkur tíma til að hrósa hvert öðru.
- *Hreinskilni:* Tjáum okkur hvert við annað og leysum vandamálin. Leiðbeinum í stað þess að gagnrýna. Biðjum um aðstoð. Tölum við hvert annað, ekki um hvert annað.
- *Eflum starfsandann:* Til dæmis með því að hittast utan vinnu, vera virk og taka þátt.
- *Tökum vel á móti:* Öllum.
- *Jákvæðni:* Verum jákvæð gagnvart starfinu og fólkinu í kringum okkur.

Áherslur í samstarfi

Lögð er áhersla á að starfsmenn leikskólans vinni sem ein heild. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsmönnum gefst kostur á að sækja námskeið er varðar leikskólastarf. Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýja starfsmenn og er þeim afhent leiðsagnarhandbók Lækjar við upphaf starfs. Deildarstjórar og sérkennslustjórar bjóða nýliðum upp á regluleg viðtöl samkvæmt áætlun. Deildarstjóri sér um að kynna starfsmann fyrir deildinni, samstarfsfólki og leiðbeina honum áfram í starfi. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftár ef þörf þykir. Þar gefst starfsmönnum tækifæri til að tjá sig um eigin frammistöðu en jafnframt er þetta tækifæri til samráðs og handleiðslu. Nýta þarf þau tækifæri sem upp koma til að upplýsa starfsmann um framgang hans. Samskipti milli deilda eru eitt af áhersluatriðum í starfinu bæði hvað varðar börn og starfsmenn. Leikskólastjóri býður upp á starfsmannasamtöl í mars/apríl og deildarstjórar og sérkennslustjórar á haustönn. Stjórnendur skólans eru ávallt tilbúnir til samræðna um einstök mál og hvetja samstarfsmenn sína til að taka upp mál sem þörf er á að ræða.

Samsetning starfsmannahópsins

Í Læk er gert ráð fyrir 17,63 stöðugildum inn á deildum miðað við barnafjölda í nóvember. Leikskólastjóri er 1 stöðugildi, aðstoðarleikskólastjóri er 0,75 stöðugildi í stjórnun og sérkennslustjórar eru 1 stöðugildi. 2,25 stöðugildi eru í eldhúsi. Deildir eru að auki með starfshlutfall til afleysingar vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs.

Samstarf við grunnskóla

Eins og undanfarin ár er samvinna á milli Smáraskóla og leikskóla hverfisins; Arnarsmára og Lækjar. Kennarar skólanna hittast að hausti og skipuleggja samstarf vetrarins.

- Elstu börnin fara í heimsókn í Smáraskóla á aðventunni.
- Eftir áramót koma 6 ára börnin, sem voru í Læk, í heimsókn ásamt kennurum sínum.
- Leikskólabörnin fara í heimsókn í Smáraskóla í apríl.
- Í maí fara leikskólabörnin í heimsókn í dægradvöl Smáraskóla og í júní koma börnin í 1. bekk í heimsókn í leikskólann og leika við vini sína á Lækjavöllum.

Samstarf við aðra

Leikskólinn á í samstarfi við hina ýmsu aðila svo sem aðra leikskóla, leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa, sálfræðinga, sérkennsluráðgjafa, sérkennslufulltrúa, talmeinafræðinga, iðjuþjálfra, sjúkráþjálfra, Félagsþjónustu Kópavogs, barnavernd, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og hjúkrunarfræðinga.

Mat og matsaðferðir

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat.

Börn

Leikskólabörnin meta starfið reglulega t.d. á barnaþingi og eru matsaðferðir breytilegar og aðlagðar að þroska þeirra.

Barnaþing:



Barnaþing hefur þann tilgang að skapa kringumstæður fyrir börn þar sem þau geta verið þátttakendur í skólasamfélagi sínu og haft áhrif á dagleg störf sín,.. Einnig þjálfast þau í að tjá skoðanir sínar og útskýra verklag sitt á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Barnaþing er haldið vikulega og þar þjálfast börnin sig í að nýta réttindi sín með því að segja álit sitt. Börnin æfa sig að koma fram við hvort annað af

virðingu og tileinka sér gagnrýna hugsun. Dæmi um efni sem við tökumst á við eru umræður um hvaða leikföng á að kaupa, hver sé besta lausn á vandamálum sem upp koma á milli barnanna og eiga sér stað t.d. í útiveru eða innan leikskólans. Í samræmi við Aðalnámskrá sem kveður til um *þátttöku* fjölskyldna í leikskólastarfi og að byggt sé á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar leggjum við áherslu á samvinnu við foreldra og kennara. Verkfæri barnaþingsins eru umræður og kosningar.

Sérstakir matslistar sem notaðir eru:

Hljóm-2 er íslenskt aldursbundið próftæki í leikjaformi, sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) 5 ára barna. Hljóm-2 er lagt fyrir að hausti ár hvert. Niðurstöður geta gefið vísbendingar um gengi lestrarnáms.

EFI-2 er málþroskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári. Niðurstöður gefa vísbendingar um hvar barnið er stadd í málþroskaferlinu.

Tras er skráningarlisti til að fylgjast með málþroska 2 til 5 ára barna og er lagður fyrir ef þörf þykir.

Sérkennsla

Öll börn eiga rétt á kennslu við hæfi og rétt til að njóta sín í leik og starfi í leikskólanum. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við foreldra.

Framkvæmd sérkennslu er á ábyrgð allra starfsmanna en sérkennslustjórar skipuleggja og halda utan um sérkennsluna í samráði við deildastjóra og foreldra.

Lögð er áhersla á að vinna með styrkleika hvers og eins og efla einstaklinginn til þátttöku með því að finna leiðir til að aðlagða umhverfið þannig að öllum líði vel og fái viðfangsefni við hæfi. Framkvæmdar eru ýmsar athuganir og bæði kennurum og foreldrum er veitt ráðgjöf.

Stjórnendur leikskólans leita ráðgjafar hjá starfsfólki leikskólaskrifstofu, deildastjóra leikskóladeildar og leikskólaráðgjöfum. Sérkennslufulltrúi, sérkennsluráðgjafi, sálfræðingur, talmeinafræðingur og iðjuþjálfari eru ráðgjafendur vegna einstakra barna og deilda.

Við færslu barna yfir í grunnskóla eru haldnir skilafundir í mars/apríl ár hvert. Sérkennslufulltrúi leikskóla og sérfræðiþjónustufulltrúi grunnskóla skipuleggja fundina. Á fundunum veitir starfsfólk leikskóla upplýsingar til grunnskóla og dægradvala um stöðu hvers barns.

Starfsfólk

Starfið er í stöðugri mótun og þróun. Stjórnendafundir eru vikulega og endurmat fer fram reglulega á þeim fundum. Þá eru deildarfundir mánaðarlega þar sem endurmat og skipulag deilda fer fram. Fagfundir eru haldnir utan vinnutíma þar sem unnið er með stærri verkefni sem snúa að faglega starfinu. Ár hvert er einn námsþáttur metinn og umbótaáætlun gerð í samræmi við niðurstöður. Starfsáætlun er einnig endurmetin ár hvert.

Forráðamenn

Lagt er upp með að forráðamenn meti starfsemi leikskólans annað hvert ár. Formlegt mat forráðamanna hefur ekki verið gert í Læk á síðustu árum þar sem nýir stjórnendur hafa unnið hörðum höndum að ná utan um faglega starfið í Læk og ekki gefið sér tíma til að sinna þessum þætti. Til stendur að leggja mat fyrir foreldra á næsta ári.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna, koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum. Hér má finna slóð inn á öryggishandbók leikskóla

https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok_leikskola.pdf

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks og er í samstarfi við vinnu- og heilbrigðiseftirlit. Í öryggisnefnd sitja öryggisfulltrúi og öryggisvörður. Nefndin hittist að minnsta kosti tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og garð leikskólans. Leikskólastjóri gegnir starfi öryggisvarðar sem fulltrúi rekstraraðila eða annar sem hann tilnefnir. Öryggistrúnaðarmaður er kosinn af samstarfsmönnum á tveggja ára fresti. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf. Öll slys eru skráð í forritið Atvik í samstarfi við VÍS.

Áfallaráð

Í áfallaráði sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar, einn af Litla Læk og hinn af Stóra Læk. Markmið áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barns og/eða starfsmanna svo sem varðandi slys, sorg eða einelti. Áfallaráð hefur meðal annars til hliðsjónar jafnréttisáætlun Kópavogs og áætlun gegn einelti. Ef upp koma mál sem áfallaráð vinnur með hittist ráðið eins oft og þurfa þykir. Áfallaáætlun þarf að endurskoða árlega.

Áfallaráð leikskólans hefur til hliðsjónar: Áfallaáætlun og jafnréttisáætlanir.

Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar

https://www.kopavogur.is/static/files/Stefnur/jafnrettis-og-mannrettindastefna2015-2018_baeklingur.pdf

Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi

<https://www.kopavogur.is/static/files/Umhverfi-og-utivist/eineltisstefna-endurskodun-24.nov-16-lokautg.pdf>

Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins

Eru á heimasíðu Kópavogsbæjar.

Umbótaáætlun næsta skólaárs

Skólastarfið

- Ljúka á vinnu við nýja skólanámskrá Lækjar en drög liggja fyrir.
- Vinna með námsefnið Lubbi finnur málbein heldur áfram. Fræðsla verður fyrir starfsmannahópinn.
- Samræma á faglegt starf á milli deilda þar sem unnið er með sömu aldurshópa.
- Vinna með Heimsmarkmið og Barnasáttmálann heldur áfram.
- Vináttuverkefni Barnaheilla heldur áfram og til stendur að fleiri sitji námskeið því tengdu.

Aðlögun í Litla Læk hófst í júní í ár og þá voru aðlöguð 11 börn samtals. Það var hefðbundin aðlögun með meiri foreldrahlutun sem gekk vel. Eftir opnun í ágúst voru aðlöguð 14 börn samtals en aðlögunin var með breyttu sniði vegna Covid-19.

Vegna takmarkana í samfélaginu vegna Covid þennan veturinn höfum við ekki getað sótt mikið út fyrir leikskólann og heldur ekki geta fengið sýningar inn í leikskólann eins og venja hefur verið. Þess í stað leggjum við okkur fram að gera meira úr okkar föstu venjum eins og t.d. samsöng.

Barnasáttmáli

Í Læk hófum við markvissa innleiðingu á Barnasáttmálanum haustið 2019 og aukin áhersla var lögð á að vinna með gildi sem tilheyra lýðræðislegu samfélagi

Patricia Segura Valdes kennari í Læk vann með elstu börnunum, deildarstjórum elstu barna, matráði, sérkennslu- og leikskólastjóra að lokaritgerð sinni til meistaraþrófs í fyrra. Ritgerðin ber heitið „**How can I improve my**

teaching of the values, implicitly known to children, thus enabling them to practice the values instinctively? Vinnan sneri að því að lýðræðisleg gildi voru innleidd með viðræðum, lestri, viðtölum og teikningum. Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna var tengdur því. Markmið rannsóknarinnar var að bæta kennsluaðferðir sem snúa að lýðræðistengdum gildum ásamt því að gera þessi lýðræðislegu gildi sýnileg fyrir börnunum svo þau noti gildin meðvitað í daglegu lífi. Gildin sem lögð voru fyrir voru: **Virðing**, *allir eiga rétt á virðingu*. **Umhyggja**, *frumpörf einstaklings til að þroskast á heilbrigðan hátt*. **Þátttaka**, *réttur einstaklings til að tengjast öðrum*. Þetta var unnið í samvinnu við foreldra og efnið þannig tengt inn á heimili barnanna.



Þessi vinna var grunnur að áframhaldandi vinnu með Barnasáttmálann og Barnaþing. Gert var stórt plakát með teikningum úr þessu starfi sem hangir uppi ásamt því að plaköt Barnasáttmálans voru hengd upp og gerð sýnileg öllum. Vinna með barnasáttmálann heldur áfram.

Heimsmarkmið

Innleiðing á heimsmarkmiðunum er hafin. Þá hanga plaköt heimsmarkmiðanna uppi á öllum deildum ásamt því að þemavika verður í nóvember. Þá ætlum við að taka þátt í að útrýma fátækt, bæta loftslag og draga úr ójöfnuði svo eitthvað sé nefnt. Við leitum leiða að finna ólík verkefni sem henta jafnt fullorðnum og börnum. Til að ýta undir þessa vinnu þá velja deildir sér verkefni, tengd heimsmarkmiðunum, sem henta hverjum aldurshópi. Verkefni eru valin og unnið er með þau út frá gildum Lækjar: sjálfræði, umhyggja og virðing. Í Covid ástandi þegar lítið er um samvinnu á milli leikskóla og heimsóknir utanaðkomandi takmarkaðar viljum við nýta tækifærið til að efla umhverfisvitund og félagslega ábyrgð innan húss í menningu barna og starfsmanna. Tilgangurinn með því að nota viku sérstaklega fyrir heimsmarkmiðin er að vekja meðvitund barna að þörfum jarðarinnar okkar, með það að markmiði að leita lausna til að ná þeim alþjóðlegu markmiðum sem lagt er til í sáttmálanum fyrir árið 2030.

Námssvið sem metið var, umbætur

Námsspátturinn Sköpun og menning var metinn á síðasta starfsári. Hér eru helstu viðfangsefni sem talið var þörf á úrbótum:

- Efniviður er fjölbreyttur en hluti hans þarfnast endurnýjunar.
- Vanda betur frágang á efniviði.
- Setja efnivið í hæð barnanna.
- Vantar fleiri hljóðfæri
- Bæta inn hefðum frá öðrum löndum.
- Setja upp fána, heimskort og upplýsingar á fleiri tungumálum.
- Bæta inn verkefnum tengdum fjölmenningu.
- Bæta kynningu og umræðum fyrir börn um menningu og hefðir eins og t.d. Þorra og Góu.



Matslistar - umbótaáætlun

Mat fer fram reglulega yfir árið og þá metum við oft strax að viðburði liðnum á stjórnendafundum sem haldnir eru vikulega. Faglega starfið í Læk hefur verið í stöðugri þróun síðustu ár. Dagskipulag hefur að mestu haldist óbreytt á milli ára.

Þennan veturinn höfum við oft þurft að gera reglulegt mat á starfinu vegna Covid 19. Þá hefur farið mikill tími í að ræða við einstaka starfsmenn og umræða oft farið fram við framandi aðstæður. Þá höfum við t.d. fundað úti, á fjarfundum Teams, eða með samræðum í smærri eða stærri hópum. Starfsáætlun er endurmetin þar sem stjórnendur taka saman það sem bæta þarf í starfinu. Þá koma fram hugmyndir og vangaveltur sem kvikna t.d. á deildarfundum. Þannig eru það hugmyndir frá öllum starfsmönnum sem móta starfið okkar.



Brunaæfingar og eftirlit

Halda þarf reglulega brunaæfingar með börnum. Mánaðarleg úttekt á brunavörnum fer fram mánaðarlega og er hún rafræn.

Á síðasta skólaári var ein deild leikskólans Hvammkot lokuð en hún var opnuð í ágúst. Því fjölgar nú börnum í þessu rými leikskólans sem kallar á breytingar innanhúss til að auka leikrými fyrir börnin. Síðustu tvö ár hefur Þinghóll nýtt tvær heimastofur sem kom sér vel fyrir barnahópin. Breyta á rými sem notað hefur verið til fundarhalda í leikrými.

Börn

Í nóvember eru 106 börn í Læk og þar af 16 af erlendum upprunu (tví- eða þrítyngd). Fjöldi m.v. framtíðarvistun er 129 en þetta skólaárið fáum við 10 barna afslátt fram til vors þar sem við opnuðum deild að nýju eftir að hún hafði verið lokuð í 2 ár. Fjöldi dvalarstunda í nóvember er 849,5 og barngildi eru 142,8

Aldursskipting eftir árum:

16 börn fædd 2015

21 barn fætt 2016

28 börn fædd 2017

23 börn fædd 2018

17 börn fædd 2019

Í janúar bætast í hópinn 3 börn fædd 2015, 2 börn fædd 2017, 4 börn fædd 2018 og 4 börn fædd 2019.

Sérkennsla

Veturinn 2019-2020 gekk vel hjá sérkennsluteyminu. Nóg var að gera og börnum veitt aðstoð m.a. í málörvun, félagsfærni og hreyfiproska.

Börn sem þurfa sérstaka eftirfylgni í námi fá einstaklingsáætlun sem unnin er af sérkennslustjórum, deildarstjórum og foreldrum og þar koma fram áhersluatriði sem unnið er með hverju sinni. Eins er útbúið sérstak teymi utan um barnið skipað foreldrum þess, kennurum og sérkennslustjóra ásamt öðrum sérfræðingum. Teymið fundar með reglulegu millibili til að miðla upplýsingum og samræma vinnubrögð á milli heimilis og skóla.

Foreldrakönnun

Á næsta ári verður lögð könnun fyrir foreldra. Foreldraráð les yfir starfsáætlun leikskólans og gerir umsögn um hana.

Samsetning starfsmannahópsins

Í Læk starfa 7 leikskólakennarar að leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra meðtöldum. 1 leikskólakennari er námi til meistaragráðu. 1 grunnskólakennari starfar í Læk. 16 háskólamenntaðir starfsmenn eru hér að störfum og þar af er einn þeirra með B. Ed gráðu í leikskólakennarafræðum. 3 háskólamenntaðir starfsmenn eru að bæta við sig námi til leikskólakennara. 3 leikskólaliðar starfa í Læk og er 1 þeirra er í námi til leikskólakennara. 1 starfsmaður er í leikskólakennaranámi. 11 leiðbeinendur eru starfandi í Læk í mismikilli prósentu. 3 starfsmenn starfa í eldhúsinu í hlutastöðum og 1 starfsmaður er í fæðingarorlofi.



Í Læk skipta 2 sérkennslustjórar með sér 100% stöðu og 3 starfsmenn sinna sérkennslu.

Auk þess að vera í stjórnunarstöðu sinnir aðstoðarleikskólastjóri heimasíðu leikskólans og kemur að skipulagningu á faglegu starfi ásamt því að sinna afleysingu á deildum. Aðstoðarleikskólastjóri heldur utan um faglegt starf í Litla Læk.

Starfsmannakönnun var framkvæmd af Skólapúlsinum vorið 2020.

Niðurstöður úr könnun sem Skólapúlsinn lagði fyrir starfsmenn haustið 2019 gefur nokkuð glögga mynd af starfinu hér í Læk.

Þá telja starfsmenn vinnuálag mikið, en líta svo á að jákvæðar áskoranir séu í starfinu. Starfsmenn telja gæði og afköst almennt góð en gæðin ekki jafngóð.

Almenn ánægja er talin með að leysa vandamál í starfinu og meira en helmingur telur sig mjög sammála því að vinnustaðurinn veiti sér hvatningu til að standa sig sem allra best í starfi.

Starfandinn er talinn hvetjandi og styðjandi. Hér ríkir traust og flestir telja að starfsandinn sé afslappaður og þægilegur.

Starfsmenn telja sig fá mikinn stuðning og aðstoð við verkefni frá samstarfsfólki.

Fram kemur að fáir telja sig verða fyrir mismunun í framkomu en þó kemur fram að tveir starfsmenn telja sig hafa orðið fyrir áreitni / einelti. Tveir starfsmenn telja sig ekki eiga gott samstarf við annað starfsfólk.

Nokkrir telja sig aldrei koma að hugmyndafræði og stefnu leikskólans. Þá telja nokkrir sig ekki fá leiðsögn til að efla félagsfærni, kennslu barna, fræðslu um hlutverk starfsmanna eða annað sem snýr að starfinu.

Starfsmenn telja sig almennt starfa við réttlæti og jafnræði en passa verður upp á að úthluta verkefnum jafnt.

Fram kemur að við mættum verða betri í að hrósa.

Í starfinu upplifa starfsmenn trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna.

Þá telja starfsmenn að foreldrar hafi ekki áhrif á daglegt starf og umræður um starfið

Ráðgjöf við sérfræðinga utan leikskólans er talin góð en einhver hluti lýsir yfir óánægju með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir. Einhver hluti telur sig ekki fá upplýsingar og stuðning vegna barna með sérþarfir.

Þá eru nokkrir sem telja sig ekki fá nægan tíma til undirbúnings og einhver telur sig ekki fá þann undirbúning sem hann á rétt á.

Fram kemur að lítill hluti starfsmanna fékk starfsmannasamtöl og mikill meirihluti telur mikla þörf á símenntun. Starfsmenn telja sig fá litla símenntun en ekki er hægt að lesa beint út úr því hver fyrirstaðan er. Það er þá einna helst skortur á svigrúmi til að komast á námskeið vegna vinnutíma.

Hvað þarf til að bæta starfsandann og daglegt starf?

- Minnka fjarveru starfsmanna, því það myndast mikið álag á þá sem eru í vinnu þegar mannekla er í húsinu.

- Auka samvinnu á milli Litla og Stóra Lækjar, þannig að starfsmenn og börn fari á milli húsa.
- Bæta yfirsýn og virkja upplýsingaflæði starfsmanna á milli
- Stytting vinnuvikunnar myndi skila árangri.
- Samræma vinnubrögð allra og að huga þurfi að því að allir fái undirbúning til að geta sinnt starfi sínu vel.
- Starfmönnum er umhugað hversu langan vistunartíma sum börnin hafa.

Samskipti við foreldra

- Mikilvægt að gera heimasíðuna betri og senda meira að myndum til foreldra til að sýna hvað er verið að vinna í Læk.
- Hugsa betur að foreldrum tvítýngdra barna.

Starfsþróun og símenntun

- Fleiri námskeið.
- Fleiri fyrirlestra.
- Fá faglært fólk til að leysa af í undirbúning inn á deildir.
- Fá meiri leiðbeiningar frá faglærðum.
- Fleiri fundi deildarstjóra.

Starfsmenn telja að í Læk ríki góður starfsandi, gott starfsfólk, veittur er góður stuðningur, og að hér séu umhyggjusamir og skilningsríkir leikskólastjórar.

Þegar spurt var hvað má betur fara á vinnustaðnum þínum voru þetta svörin:

- Hækka laun
- Fjölga faglærðum
- Endurbæta húsnæði.
- Endurbæta lóðir leikskólans sem eru illa farnar.
- Stoppa baktal

Starfsmannasamtöl

Ekki náðist að taka starfsmannasamtöl við nema hluta starfsmanna í Læk sökum tímaskorts og álags vegna annarra verkefna. Starfsmönnum stendur þó alltaf til að boða að ræða við leikskólastjóra og tekið er á þeim málum sem upp koma án formlegra samtala.

Þróunar- og nýbreytnistarf á næsta ári

Sérkennslustjórar, ásamt kennara sem sinnir sérkennslu og sérgreinakennari eru að undirbúa jólaverkefni á vegum etwinning með elstu deild leikskólans. Unnið verður með elstu börnunum á Álfról í samvinnu við starfsmenn deildarinnar. Verkefnið er á eTwinning sem er sérstakt svæði þar sem kennarar frá Evrópu vinna saman. Þetta er rafrænt skólasamstarf. Etwinning svæðið heyrir undir RANNÍS og er með leyfi frá menntamálaráðuneytinu. Jólaverkefnið ber heitið Christmas at 64 North og það er kynning um íslenskar jólasögur og hefðir. Samkvæmt námskrá leikskóla eiga börn að læra um hefðir, þjálfa sig í félagsfærni, læra og efla íslenskt tungumál á öflugan og skemmtilegan hátt innan öruggs og örvasandi svæðis. Verkefnið er sniðið með tilliti til félagsfærni, máls og læsis. Ábyrgðarmaður verkefnisins er Patricia Segura Valdes og sérkennslustjórar Lækjar. Leikskólinn okkar er í samvinnu við kennara og börn frá Spáni og Rúmeníu og með tímanum er hægt að bæta fleirum við. Verkefnið byrjar 23. nóvember og endar með sýningu og kveðju 5. janúar. Það má skoða meira um eTwinning verkefnin á svæði:



<https://www.erasmusplus.is/menntun/skolar/etwinning>

Skipulagsdagar 2020-2021

Fyrir skólaárið 2020-2021 eru skipulagsdagarnir 6 þar sem skipulagsdagur féll niður í vor vegna Covid. Í ár eru skipulagsdagarnir; 14. september, 27. október (aukadagur) 19.nóvember, 4.janúar, 17. mars og 14. maí. Bæjaryfirvöld settu niður 3 dagsetningar en tvær dagsetninganna voru valfrjálsar. Skipulagsdagar eru nýttir til að efla fagþekkingu, leggja fyrir mat og gera endurmat, hópefli og til að skipuleggja starfið. Einnig fáum við inn fræðslu fyrir starfsmannahópinn ásamt því að tími er nýttur til deildarfunda.

Dagskrá skipulagsdaganna liggur ekki fyrir en þeir verða nýttir til þess að byggja upp faglegt starf, fræðslufunda, vinnu með Heimsmarkmið, deildarfunda og endurmats á námsþáttum.

Endur- og símenntunaráælan

Skipulagsdagur eru nýttir til símenntunar.

Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjórar sátu hin ýmsu námskeið; Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmiðin, Atvik, Alfred, Völu og Lísu og persónuvernd.

Tveir starfsmenn og þrír deildarstjórar fóru á námskeiðið Verkfærakistan.

Til stóð að allir starfsmenn sætu á námskeið Barnaheilla um Vináttu sem átti að halda hér á skipulagsdegi en það féll niður vegna Covid. Deildarstjórar munu fara á námskeiðið í vetur.

Til stendur að þrír starfsmenn fari á námskeiðið Tákni með tali.

Leikskólastjóri fór í námsferð til Valencia „Samskipti, sjálfskoðun og hrós“.

Fundir

Skilaboðafundir eru að morgni kl. 8.45. Þar er komið á framfæri skilaboðum sem þurfa að berast öllum og eru þau skráð í dagbækur. Lögð er áhersla á samvinnu og samábyrgð.

Deildarfundir eru haldnir mánaðarlega að degi til þar sem rætt er um starfið, skipulagið og börnin. Þar eru jafnan teknar ákvarðanir um starf næstu vikna. Starfsmenn annarra deilda annast börnin á meðan á fundi stendur.

Stjórnendafundir eru vikulega kl. 13:00- 14.00 á mánudögum.

Fagfundir eru haldnir einu sinni á önn. Þar eru rædd uppeldismál, skipulag og annað sem varðar starfið.

Samráð er við sérkennslustjóra eftir þörfum. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjórar fara hver í sinn handleiðsluhóp nokkrum sinnum yfir árið. Í handleiðslu eru ýmis málefni rædd sem varða starfið. Markmiðið er að styrkja stjórnendur í starfi.

Þátttaka í rannsóknum

Við höfum ekki tekið þátt í rannsóknum þennan veturinn.

Samstarf

Smáraskóli og leikskólarnir Arnarsmári og Lækur eru í samvinnu með „leikskólaval“. Unglingum úr 9. bekk Smáraskóla er boðið að taka valáfanga í Læk og starfa part úr degi einu sinni í viku. Starfsnámið fer fram á eldri deildum skólans og eru unglingarnir barnahópnum til stuðnings þegar grunnskólaganga þeirra hefst næsta haust. Einn drengur úr Smáraskóla mun vera hjá okkur í starfsnámi í vetur.

Nemar

Veturinn 2020-2021 verða 5 starfsmenn Lækjar í námi við H.Í. og 1 í H.A. Sérkennslustjórar, tveir háskólamenntaðir starfsmenn, 1 leikskólaliði og 1 starfsmaður.

1 kennaranemi mun vera í launuðu starfsnámi hér í Læk og 1 fer í vettvangsnám í næsta bæjarfélag.

Viðhald starfsárið 2019-2020

Gluggar í Stóra Læk voru málaðir að utan ásamt því að gluggar í fataklefum í Stóra Læk voru málaðir. Til stóð að mála alla glugga í Stóra Læk þar sem þeir liggja undir skemmdum, það náðist ekki í sumarlokuninni en til stendur að mála þá í vetur.

Til stóð að skipta um gólfduk í Stóra Læk en það verkefni féll niður vegna Covid 19.

Bæta þurfti skiptiaðstöðu í Stóra Læk þar sem við opnuðum nýja deild í haust.

Gólfdukur var límdur niður í Litla Læk þar sem hann var farinn að lyftast að hluta. Að öðru leyti var ekki meira viðhald á húsnæði leikskólans þetta síðasta skólaár.

Leikskóladeild ætlar að leggja til fjármagn til að bæta aðstöðu fyrir yngstu börnin í Litla Læk. Þá stendur til að gera upphækkun við glugga til að börnin geti horft út. Einnig á að smíða skilrúm til að leikrýmið henti betur aldri þeirra og þroska.

Öryggismál

Öll slys sem verða í leikskólanum eru skráð í atvikaskráningarkerfi Kópavogsbæjar í samstarfi við VÍS.

Á skólaárinu urðu 14 slys á börnum. 11 þeirra voru minniháttar, mest hras/fall og högg, 1 af minniháttar slysunum var tannslýs þar sem foreldrar fóru með barnið til tannlæknis. Alvarlegu slysin voru 3, 1 beinbrot og tvívegis var ofnæmisbarni gefinn rangur matur.

Þrjú starfsmenn urðu fyrir slysi af völdum barna. Einn starfsmaðurinn var lengur frá og þurfti að vera í eftirliti hjá lækni. Annar starfsmaðurinn var stutt frá vinnu en þurfti að leita læknis og eftirmeðferð. Þriðji starfsmaðurinn var nokkra daga frá þurfti að leita læknis. Slysin voru tilkynnt til Vinnueftirlitsins, VÍS og Sjúkratrygginga Íslands.

Daglega er farið yfir leiksvæði barnanna úti og kannað hvort allt sé í lagi. Skráningarblöð eru á deildum og þar er skráð niður ef eitthvað þarfnast úrbóta. Þessum blöðum er safnað saman mánaðarlega og leikskólastjóri sendir beiðnir á viðkomandi aðila til úrbóta. Einnig er farið yfir lóðina mánaðarlega og athugsemdum safnað saman.

Lokaorð

Síðastliðið skólaár er búið að vera litríkt og það tók á að þurfa að skipta hópnum í tvennt á vormánuðum þegar Covid faraldurinn hófst. Ýmislegt datt út úr starfinu eins og samvinna við grunnskóla, aðkoma foreldra í leikskólann, strætóferðir o.fl. en þetta þjappaði hópnum saman og varð til þess að við útfærðum ferðir og annað innan bæjarins. Þrengingar og atvinnuleysi í samfélaginu leiddi þó af sér ýmislegt jákvætt fyrir leikskólann. Við fengum háskólamenntaða starfsmenn til starfa ásamt því að við gátum valið úr mörgum umsækjendum sem höfðu aðra menntun eða reynslu sem nýtist leikskólanum. Því má segja að upphaf þessa vetrar marki ákveðin tímamót. Í Læk starfar nú áhugasamur hópur sem leggur áherslu á faglegt starf og samvinnu. Þá er ég ekki að gera lítið úr því faglega starfi sem áður hefur verið unnið í Læk heldur er það upplifun mín að áhugi starfsmannahópsins er meiri en ég hef áður upplifað í langan tíma.

Þetta árið þurftum við að minnka foreldrahlutun í aðlögun nýrra barna og aðlögunarplaninu var breytt. Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna var haldinn á meðan á aðlögun stóð. Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri héldu fundina og má þess geta að tveir fundanna voru haldnir utandyra.

Við hópaskiptinguna í vor þar sem hóparnir mættu í leikskólann annan hvern dag kom það í ljós að við fundum hversu gott var að vinna með litla hópa, þrátt fyrir að ýmissa atburða var að saknað. Við fengum tækifæri til að kynna börnunum í minni hópum, sjá þannig styrk- og veikleika þeirra sem gáfu okkur tækifæri til að vinna með þá. Flestum leið vel og sem betur fer var þetta ástand tímabundið. Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri skiptu á milli sín húsum og var leikskólastjóri í Litla Læk og aðstoðarleikskólastjóri í Stóra Læk. Þarna sáum við skýrt hversu mikilvægt það er að stjórnandi sé með fasta viðveru í Litla Læk. Yfirsýnin varð meiri og öryggi og samstarf við deildarstjóra og annað starfsfólk jókst.

Okkur hefur tekist að skapa góðan skólabrag í Læk. Með nokkrum tilfæringum á starfsfólki innanhúss ásamt frábærum nýliðum sem bættust við annars okkar flotta starfsmannahóp þá erum að ná góðum árangri í faglega starfinu. Áhugi og samstaða ríkir í hópnum þar sem áherslan er á barnið, gildi skólans og starfshætti hans.

Þar sem leikskólinn hefur þurft að aðlagast nýjum aðstæðum vegna Covid 19 hefur reynt mikið á samstöðu og utanumhald þar sem allir taka þátt. Hólfaskipting nú á hausti hefur einnig skapað tækifæri til að halda vel utan um hópana. Hólfaskipting í Læk er þrískipt þar sem tvær deildir og stjórnandi er í hverjum hópi. Sérkennslustjórar eru í A og B hólf í Stóra Læk, þeir halda utan um starfið með börnum sem eru með stuðning ásamt því að sinna ráðgjöf í gegnum síma eða tölvu. Fjórða hólfíð er eldhúsið og einnig hefur mikið mætt á þeim. Einnig þurftum við að skipta matsalnum í tvo hluta í Stóra Læk og bíða með morgunmatinn þangað til hertar sóttvarnarreglur verður aflétt.

Aðstaða kennara þrengdist þar sem við þurftum að gera nýja kaffistofu og undirbúningsaðstöðu fyrir eitt hólf. Þar sýndi sig að mikilvægt er að huga að aðstöðu og aðbúnaði kennara.

Vegna covid hafa foreldrar ekki komið inn í leikskólann nema að litlu eða engu leiti og það hefur því tekið tíma að svara símtölum, tölvupósti og miðla upplýsingum til foreldra. Þessum tíma er þó vel varið þar sem ítarlegar upplýsingar skapa öryggi í foreldrahópnum. Töluverð veikindi og önnur fjarvera starfsmanna hefur verið þetta skólaárið ásamt því að við höfum þurft að sýna mikla útsjónarsemi í skipulagningu húsnæðis og rýmis útfrá tilmælum sóttvarnaryfirvalda til að láta starfið ganga upp. Þetta hefur gengið upp með samvinnu og tillitsemi allra og þar hafa foreldrar mætt okkur á þessum erfiðu tímum með því að sækja börn sín fyrir þegar fáliðun er í húsi.

Aukinn undirbúningstími kennara er kærkominn og von mín er sú að hann skili aukinni fagmennsku út í starfið.

Stytting vinnuvikunnar er framundan í byrjun næsta árs og það verður krefjandi að takast á við skipulagið sem henni fylgir.

Það er miður að ekki hafi verið hægt að sinna því viðhaldi sem til stóð hér innandyrna í Stóra Læk og spurning er hvenær það verður framkvæmt. Erfitt hefur verið að sinna viðhaldi í sumarlokun þar sem leik- og grunnskólar eru lokaðir á sama tíma. Þá eru iðnaðarmenn einnig í sumarfrí á þessum tíma og því tel ég mikilvægt að þetta verði skoðað betur og úrbóta leitað.

Til stendur að leggja fjármagn og vinnu í að endurbæta aðstöðu í Litla Læk fyrir yngstu börnin. Þannig á að bæta námsumhverfið sem hentar aldri þeirra og þroska.

Biðin eftir nýrri leikskólalóð styttist en lóðin okkar og leiktæki eru lúin. Þegar tók að skyggja nú í vetur kom einnig skýrt í ljós þegar við vorum að taka á móti og skila börnunum úti að lýsingu er ábótavant.

Sviðsstjóri menntasviðs, Anna Birna, deildarstjóri leikskóladeildar, Sigurlaug og leikskólaráðgjafar hafa haldið vel utan um leikskólana á þessum erfiða tíma. Þær eiga mikið hrós skilið. Einnig hefur samvinna leikskólastjóra verið til fyrirmyndar og jákvæðni þeirra, samstaða og samvinna gert það að verkum að leikskólastarfið hefur haldið sér nánast óskert.

Barnahópurinn hefur mætt vel í skólann og hér ríkir almenn ánægja og gleði sem þýðir að okkur hefur tekist vel að halda utan um börnin í þessum heimsfaraldri sem nú er.

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Lækjar 2020-2021

Foreldraráð leikskólans Lækjar samþykkir hér með starfsáætlun leikskólans eins og hún er og viljum við lýsa ánægju okkar með starf leikskólans undanfarna mánuði. Aukið álag vegna Covid heimsfaraldurs, hefur haft áhrif bæði á leikskólastarfið og starfsfólkið sem hefur leitt til breytinga á starfinu, sem leikskólanum hefur tekist vel upp með. Allar breytingar hafa verið vel útfærðar og upplýsingaflæði til foreldra hefur verið mjög gott. Vel hefur verið haldið utan um barnahópinn og starfsfólk hefur reynt eftir bestu getu að láta heimsfaraldur ekki hafa áhrif á börnin okkar og það mikilvæga starf sem á sér stað í leikskólanum. Þrátt fyrir aukið álag undanfarna mánuði má sjá að starfsfólk hlúir vel að börnunum og hefur verið jákvætt og skilningsríkt í þeirra garð, sem oft eru óörugg í svona miklum breytingum.

Það er ánægjulegt að þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu hefur leikskólinn getað valið úr umsækjendum og hefur ráðið til sín starfsmenn með aðra háskólamenntun og/eða reynslu sem nýtist leikskólanum.

Ánægjulegt er að sjá niðurstöðu úr starfsmannakönnun Skólapulssins sem lögð var fyrir starfsmenn haustið 2019. Það er listi sem sannarlega getur hjálpað til við uppbyggingu á leikskólanum sem góðum vinnustað, og hægt að læra ýmislegt af niðurstöðu könnunarinnar. Áhugavert væri að endurtaka slíka starfsmannakönnun á vormánuðum, enda hefur 2020 verið óvanalegt ár, en eflaust hægt að læra mikið af upplifun starfsmanna. Jafnvel einhverjar breytingar sem starfsmenn sjá fyrir sér að mætti nota áfram til frambúðar.

Samkvæmt starfsáætlun styttist biðin eftir nýrri leikskólalóð, en einnig er mikil þörf á betri útilýsingu. Skólalóðirnar, bæði á Litla Læk og Stóra Læk eru mjög dimmar, þrátt fyrir að einhverjir ljósastaurar séu þar á stangli. Þá er það alls ekki nægjanleg birta til þess að fólk sjái almennilega til, hvorki börn né fullorðnir og erfitt getur verið að fylgjast almennilega með börnunum í slíku myrkvi og einnig skapað öryggi eða hræðslu hjá einhverjum börnum. Ennþá er engin tímasetning komin á hvenær megi eiga von á lóða framkvæmdum við Leikskólann Læk, en augljóslega er þörf á að ýta á eftir þeim framkvæmdum þar sem öryggi barnanna okkar er í húfi. Við í foreldraráði viljum ítreka áhyggjur okkar af ástandi leikskólalóðanna, en ástand garðanna, leiktækja og undirlag lóðanna er óásættanlegt með öllu og sjálf myndum við ekki sætta okkur við slíka vinnuaðstöðu. En hægt er að líta á leikskóla lóðirnar sem hluta af vinnuaðstöðu barnanna og því er þetta algjört forgangsmati af okkar hálfu, að bæta lóðirnar og öryggi þeirra. Kópavogsbær bætti við möl á lóðina í október 2019, sem dugði skammt og mánuði síðar voru stórir pollar farnir að myndast á mölinni og gangstéttum í rigningunni sem verður að stóru svelli þegar frystir og hafa orðið til þess að ekki er hægt að hafa útiveru með eðlilegum hætti. Það er okkar mat að þetta séu hættulegar aðstæður fyrir bæði starfsfólk og börn.

Frá fyrri starfsáætlun viljum við ítreka ánægju með útileikskólann, morgunmatinn (sem hefur ekki verið á boðstólnum núna í 3. bylgju Covid og er sárt saknað), áframhaldandi vinnu með Lubbi finnur málbein og Blæ sem og allt starfið í kringum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðin.

Að lokum vill foreldraráð koma á framfæri sérstöku þakklæti til starfsfólks leikskólans sem hefur staðið sig einstaklega vel við þær krefjandi aðstæður sem hafa verið í kringum Covid, fyrir einstakt æðruleysi og jákvæðni í öllum þessum breytingum og endalusa umhyggju fyrir börnunum okkar.

Kópavogur 1. desember 2020



Helga Maren Hauksdóttir



María Guðbjörg Bárðardóttir



María Karevskaya



Steinunn Gerður Kristjánsdóttir



Steinþór Ásgeirsson